

Mál nr. 459/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: (V1) og (V2)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka ábyrgðartryggingar: (X1) og (X2)

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. desember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V2 dags. 8. janúar 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 9. janúar 2026.
4. Bréf V1 dags. 9. janúar 2026 ásamt fylgiskjali.
5. Viðbótarathugasemdir V2 dags. 11. febrúar 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 27. október 2022 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X2, en X1 hafi verið aðalverktaki á verkstað. Samkvæmt málskoti voru atvik með þeim hætti að M stóð á vinnupalli í u.þ.b. 30 sentimetra hæð. Pallurinn hafi verið óstöðugur og vaggad með þeim afleiðingum að M datt aftur fyrir sig og lenti á harðri kúlu (vörn fyrir steypustyrktarjárn).

Í málskoti kemur fram að V1 hafi, með bréfi dags. 16. janúar 2025, hafnað kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X1 á grundvelli þess að M hafi staðið á óstöðugri plötu sem hann hefði átt að færa. Þá hafi í höfnunarbréfi V1 komið fram að M hafi verið starfsmaður X2 en ekki X1, auk þess sem atvikalýsing benti frekar til þess að um eigin sök M væri að ræða.

V2 hafi, með bréfi dags. 26. nóvember 2025, hafnað kröfu M um bætur úr ábyrgðartryggingu X2 á grundvelli þess að ósamræmi væri í framburði M. Þá hafi ekki verið um vinnupall að ræða heldur hafi M staðið á stoð fyrir steypu sem hafi ekki verið sett upp í þeim tilgangi að nota hana sem pall til að standa á. Enn fremur beri X1 sem aðalverktaki ábyrgð á aðbúnaði vinnusvæðis. Hafi því þá verið hafnað að X2 eða starfsmenn þess hefðu sýnt af sér saknæma háttsemi og yrði tjón M rakið til óhappatilviks og/eða eigin sakar hans sjálfs.

Hvað varði misræmi í lýsingum á slysinu þá sé það svo að tilkynningar til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga hafi stafað frá X2 en ekki M sjálfum. Fyrsti framburður M um atvik hafi komið fram í tilkynningu hans til V2 og sé hann til samræmis við leiðréttan framburð X2. Beri að taka mark á þeim framburði. Byggir M þá á því að slys hans megi rekja til hættulegra og óforsvaranlegra aðstæðna á slysstað sem X1 og/eða X2 beri ábyrgð á, enda hafi umræddur pallur verið óstöðugur og vaggandi. Umræddur pallur hafi verið krossviðarplata sem stóð á uppsláttarefni og hafi verið 60 sentimetrar á lengd, 40 sentimetrar á breidd og 30 sentimetrar á hæð. M hafi talið óhætt að standa á pallinum við störf sín, enda hafi aðrir starfsmenn staðið þar stuttu fyrr. Pallurinn sem hafi verið smíðaður á staðnum hafi þá ekki uppfyllt áskilnað nánar tilgreindra ákvæða laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Er þá vísað til reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 þar sem fram komi, í viðauka II., m.a. áskilnaður um stærð, form og útfærslu vinnupalla. Hafi því ríkar skyldur hvílt á X1 og/eða X2 um að ganga frá vinnupalli með fullnægjandi og öruggum hætti þannig að engum stafaði hætta af notkun hans. Auk ofangreinds hafi verkstjórn og leiðbeiningum verið áfátt. M hafi starfað í um fjóra mánuði hjá X2, á ýmsum vinnusvæðum. Hafi vettvangur slyssins því ekki verið á varanlegri starfsstöð M og hafi verkstjóra X2 borið að kanna aðstæður og öryggi á staðnum og kynna öryggisreglur fyrir starfsfólki sínu. Það hafi ekki verið gert. Í málskoti kemur einnig fram að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrr en 17. nóvember 2022, eða þremur vikum eftir slysdag. Með hliðsjón af óvinnufærni M í kjölfar slyssins hafi borið að senda slíka tilkynningu án tafar. Verði X1 og X2 að bera hallann af þeim sönnunarskorti sem stafi af því að Vinnueftirlitið hafi ekki getað sinnt rannsóknarskyldu sinni.

Í bréfi V2, sem á slysdegi var váttryggjandi X2, kemur fram að ágreiningur sé um málsatvik. Af sjúkragögnum megi ráða að við fyrstu komu til læknis, hinn 7. nóvember 2022, hafi M lýst atvikum svo að hann hafi staðið ofan á 20 sentimetra háum dalli. Í tilkynningu til Vinnueftirlitsins komi fram að M hafi staðið uppi á stoð fyrir steypu sem hafi verið í 20 til 30 sentimetra fjarlægð frá vinnupalli. Hvergi í frumgögnum málsins sé því haldið fram að M hafi staðið á óstöðugum vinnupalli. Þá síðar fram komnu

Lýsingu sé aðeins að finna í gögnum sem stafi frá M sjálfum og breyttri atvikalýsingu sem hafi ekki komið fram fyrr en um 20 mánuðum eftir slys hans. M hafi þá verið að sinna lagnavinnu á og í jörðu og hafi ekkert tilefni verið til þess að hann stæði uppi á vinnupalli. Hvað varði tilkynningu til Vinnueftirlitsins þá hafi M ekki tilkynnt um slysið á slysdegi heldur hafi hann haldið áfram störfum í einhverja daga eftir það. Beri hann því sjálfur ábyrgð á því að ekki hafi verið unnt að rannsaka vettvanginn á slysdegi. Er því þá hafnað að verkstjórn hafi að einhverju leyti verið ábótavant enda geti X2 ekki borið ábyrgð á því að M hafi ákveðið að standa á óstöðugum dalli eða stoð við vinnu sína, enda augljóst að slík háttsemi teljist ekki til eðlilegra vinnubragða. Komist nefndin hins vegar að því að um óstöðugan vinnupall hafi verið að ræða þá sé það X1 en ekki X2 sem hafi borið ábyrgð á aðbúnaði á svæðinu.

Í viðbótarathugasemddum M kemur fram að M hafi frá upphafi lýst atvikum þannig að hann hafi dottið af vinnupalli, það að „dallur“ komi fyrir í sjúkraskrá en ekki „pallur“ hljóti því að vera misritun. Hafi M þá þurft að standa á pallinum þar sem honum hafi verið falið að kanna hve mörg rör voru fyrir ofan hann. Hefði hann ekki getað sinnt því verki standandi á jörðinni. Hafi X2 þá fengið afhent óvinnufærnivottorð M vegna slyssins hinn 2. nóvember 2022 og því mátt gera sér grein fyrir nauðsyn þess að tilkynna Vinnueftirlitinu um slys hans.

Í viðbótarathugasemddum V2 er ítrekað að yfirleitt sé litið á það sem haft sé eftir tjónþolum við fyrstu komu á heilbrigðisstofnun sem fyrsta framburð þeirra um málsatvik. Er þá vísað til þess að umrætt óvinnufærnivottorð feli ekki í sér sönnun þess að X2 hafi verið tilkynnt um slysið á tjónsdegi og liggja fyrir að M hafi stundað vinnu í nokkra daga eftir slysið. Að öðru leyti eru fyrri röksemdir ítrekaðar.

Í bréfi V1, sem á slysdegi var vátryggjandi X1, til nefndarinnar, kemur fram að samkvæmt X2 hafi M staðið uppi á mótauppsláttarefni og mótakrossviðsplötu sem hafi verið ofan svökölluðum knektarvinnupalli. Þess vegna hafi undirlagið verið valt og óstöðugt. Engin ástæða hafi verið fyrir M til að vinna verk sitt með þessum hætti og hefði hann átt að færa þetta til í þeim tilgangi að geta athafnað sig betur. Hafi M vanrækt þá skyldu sína að afstýra hættu sem af framangreindu stafaði eða gera vinnuveitanda viðvart um hana. Telja verði að M hafi unnið verkið með röngum hætti og hættulegri en þörf var á. Skyld hafi verið að veita nýjum starfsmönnum X2 öryggisþjálfun og hafi slík þjálfun farið fram er M hóf störf á verkstað. Hafi M því mátt gera sér grein fyrir því að umrætt verklag, þ.e. að standa ofan á valtri plötu, væri hættulegt og andstætt fyrirmælum. Telji V2 ekki sýnt að slys M megi rekja til einhverra þeirra atvika eða aðstæðna sem X1 verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna.

Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Þegar um vinnuslys er að ræða getur þó sú tilkynningarskylda sem hvílir á vinnuveitanda eftir atvikum haft áhrif á það hvaða lýsingu á atvikum ber að leggja til grundvallar.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Slys þar sem líkur eru á að starfsmaður hafi orðið fyrir langvinnu eða varanlegu heilsutjóni skal tilkynna Vinnueftirlitinu eigi síðar en innan sólarhrings.

Fyrir liggur að Vinnueftirlitinu var ekki tilkynnt um slys M fyrr en 18. nóvember 2022, eða um þremur vikum eftir að það átti sér stað. Hvað þetta atriði varðar byggir V2 á því að vinnuveitanda M hafi ekki verið tilkynnt um slys hans þegar á slysdegi. Því hafi ekki verið tilefni til að tilkynna um slys hans innan sólarhrings og verði X2 því ekki látið bera hallann af þeim sönnunarskortum sem af því leiði að vettvangsrannsókn hafi ekki átt sér stað.

Af fyrirliggjandi sjúkraskrá má ráða að M hafi haft samband við heilsugæslu hinn 2. nóvember 2022 og óskað eftir veikindavottorði fyrir dagana 1. og 2. nóvember vegna tognunar í baki. Þá leitaði M á heilsugæslu 7. nóvember 2022 og var þá greindur með tognun í baki eftir að hafa fengið áverka á lendhrygg um tveimur vikum áður. Þá liggur fyrir að hinn 29. nóvember 2022 fékk M veikindavottorð vegna fjarvista frá vinnu dagana 28. október 2022 til 27. nóvember 2022. Af framangreindu verður ekki ráðið með vissu hvenær X2 fékk vitneskju um slys M og óvinnufærni hans og liggja engin nánari gögn, eða lýsingar aðila, fyrir um það atriði. Verður því ekki vikið frá almennum sönnunarkröfum á grundvelli þess að tilkynningarskylda vinnuveitanda hafi verið vanrækt með þeim afleiðingum að vettvangsrannsókn hafi ekki getað átt sér stað.

Af gögnum málsins telur nefndin sýnt að M hafi staðið á einhvers konar óstöðugri upphækkun en V1 hefur eftir X1 að líklegast sé að um hafi verið að ræða plötu sem lá ofan á mótauppsláttarefni sem aftur hafi legið á „knektarvinnupalli“. Að öðru leyti eru atvik sem leiddu til slyss M nokkuð óljós, en í sjúkragögnum, sem alla jafna verður litið á sem frumgögn, er ekki að finna nákvæma lýsingu á aðstæðum heldur kemur þar aðeins fram að M hafi staðið á um 20 sentimetra hárra upphækkun og dottið af henni. Í ódagsettri og óundirritaðri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands er atvikum lýst svo að M hafi staðið á vinnupalli og þar á stóð fyrir steypu. Í fyrrgreindri tilkynningu til Vinnueftirlitsins segir að M hafi staðið á stóð fyrir steypu sem hafi vaggað til hliðar. Þá má ráða af málflutningi V2 að X2 segi enga vinnupalla hafa verið á vettvangi. Ekki liggur fyrir hvort einhver vitni voru að slysinu, en í öllu falli liggja engar yfirlýsingar vitna um atvik þess eða aðbúnað á vettvangi fyrir nefndinni.

Af framangreindum gögnum verður ekki talið sýnt fram á að sú upphækkun sem M stóð á og virðist vissulega hafa verið nokkuð völt, hafi verið ætluð til slíkra nota eða að starfsfólki hafi verið uppálagt að nota hana við störf sín. Er því ekki sýnt fram á að aðbúnaður á verkstað hafi verið með þeim hætti að hann uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar eru til öryggis á byggingarvinnustöðum. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að verkstjórn eða leiðbeiningum til starfsmanna hafi verið ábótavant með þeim hætti að leitt hafi til slyss M.

Hefur M samkvæmt öllu framangreindu og eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki tekist að sýna fram á að líkamstjón hans verði rakið til saknæmra athafna eða athafnaleysis X1 eða X2 eða starfsfólks þeirra, eða annarra aðstæðna eða atvika sem þeim verði gert að bera skaðabótaábyrgð vegna. Er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X1 hjá V. M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X2 hjá V.

Reykjavík, 17. mars 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Berglind Svavarsdóttir